

REYKJAVÍKUR **A**KADEMÍAN

2013



Skýrsla

**Sólveigar Ólafsdóttur framkvæmdastjóra
um starfsemi ReykjavíkurAkademíunnar ses**

árið 2013

Inngangur

ReykjavíkurAkademían ses (RA) er sjálfseignarstofnun sem byggir á grunni Félags ReykjavíkurAkademíunnar en það er félag sjálfstætt starfandi fræðimanna sem hafa búið sér til nánast einstakt ból fyrir sjálfstæðar rannsóknir í menningar-, hug- og félagsvísindum á Íslandi.

Árið 2013, sem var sextánda starfsárið var einkar farsælt í starfi ReykjavíkurAkademíunnar enda var byggt á rekstrarlegri endurskipulagningu síðustu ára og faglegru stefnumótun. RannsóknarSmiðja RA tók sín fyrstu skref en þar er reynt að beina sjónum sérstaklega að fræðimönnum innanhúss. Málþing voru haldin undir nafni H-21, Hugmyndir 21. aldarinnar, auk aðkomu að ýmsum öðrum viðburðum í samvinnu við ýmis félagasamtök. Umsýsla vegna rannsóknarverkefna var töluverð og voru 5 fræðimenn að jafnaði á launaskrá RA. Einnig var nokkuð um verktakagreiðslur til fræðimanna vegna ýmissa rannsóknar- og þjónustuverkefna stórra sem smárra.

Stjórn RA ses og stjórnarfundir

Stjórn RA ses fundaði formlega alls fimm sinnum á árinu. Einnig var stjórn haldið upplýstri um gang mála varðandi samningaviðræður við mennta- og menningarmálaráðuneytið með tölvupóstum. Stjórnarmenn hafa ávallt tekið beinan þátt í stefnumótun og eftirfylgni hennar. Á árinu stóð stjórnin þétt að baki framkvæmdastjóra í vandasömum ákvörðunum og framkvæmdum líkt og fyrri ár.

Ný stjórn ReykjavíkurAkademíunnar ses var kjörin á aðalfundi Félags ReykjavíkurAkademíunnar 24. apríl 2012.

Stjórnina skipa:

Dr. Davíð Ólafsson sagnfræðingur, formaður.

Dr. Ingimar Einarsson félags- og stjórn málafræðingur, varaformaður

Sesselja G. Magnúsdóttir dansfræðingur

Dr. Hallfríður Þórarinsdóttir mannfræðingur

Ingunn Ásdísardóttir þjóðfræðingur og doktorsnemi

Dr. Birgir Hermannsson stjórn málafræðingur

Dr. Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur

Framkvæmdastjóri ReykjavíkurAkademíunnar ses er Sólveig Ólafsdóttir sagn- og menningarstjórnunarfræðingur sem hóf sitt fjórða starfsár á aðalfundinum.

Daglegur rekstur RA og starfsfólk

Daglegur rekstur RA á árinu 2013 var í góðu jafnvægi. Rekstrarumsýsla rannsóknarverkefna, málþinga, funda og viðhalds var í höndum starfsfólks RA og verkefnastjóra.

Ýmsum tækjum og tólum til sameiginlegra nota fyrir demóna var bætt við þjónustuver RA auk þess sem Ólafur Hrafn hélt áfram að sinna ýmsum viðvikum fyrir þá innan ramma þjónustuversins.

Davíð Ólafsson var starfandi stjórnarformaður í hlutastarfi á árinu og fólst starf hans fyrir RA m.a. í að halda áfram að leiða og samhæfa rannsóknarvinnu RA á stöðu sjálfstætt starfandi fræðimanna gagnvart opinberum aðilum auk þess að setjast sem fulltrúi RA í stjórn hins nýja Starfslaunasjóðs sjálfstætt starfandi fræðimanna.

Sólveig Ólafsdóttir hóf sitt fjórða starfsár sem framvæmdastjóri RA ses í fullu starfi á aðalfundi 2013. Störf hennar fólust í daglegum rekstri RA, samningagerð við Reykjavíkurborg stefnumótunarvinnu fyrir stjórn RA ses og þá sérstaklega í tengslum við RannsóknarSmiðju RA og umsjón og eftirlit með allri umsýslu rannsóknarverkefna RA. Drjúgur tími framkvæmdastjóra síðari hluta ársins fór í uppgjör vegna þriggja ára styrktarsamnings við mennta- og menningarmálaráðuneytið sem rann út um síðustu áramót. Greinargerð framkvæmdastjóra um starfsemi ReykjavíkurAkademíunnar ses árin 2010–2013 var skilað til ráðuneytisins í október og var lögð til grundvallar viðræðum um nýjan þriggja ára samning sem undirritaður var í byrjun árs 2014.

Ólafur Hrafn Júlíusson rötari og hægri hönd RA var í fullu starfi allt árið 2013. Störf hans fyrir RA og demóna voru að venju mörg og margvísleg. Jafnframt því að hafa umsjón með húsnæði RA gagnvart leigjendum, öllum utanaðkomandi viðburðum í húsnæði RA, skrifstofuhaldi og fjármálum, sá Ólafur Hrafn um þjónustuver RA. Guðný Kristín Bjarnadóttir bókasafnsfræðingur á Bókasafni Dagsbrúnar sinnir meðfram störfum sínum við Bókasafnið starfi netstjóra og hefur umsjón með heimasíðu ReykjavíkurAkademíunnar. Einnig hefur hún sinnt verkefnastjórn vegna viðburða innan RA. Helga Hanna Sigurðardóttir er bókari RA í hlutastarfi. Í góðu samstarfi við Ólaf Hrafn hefur hún haldið áfram að koma á farsælu skikki á bókhaldið.

Eins og kom fram í ársreikningi varð alger viðsnúningur á fjárhag ReykjavíkurAkademíunnar ses á árinu 2011 til hins betra. Áfram var haldið að byggja á þeim góða grunni bæði árið 2012 og 2013. Alls voru rekstrartekjur RA tæplega 59 milljónir ár árinu 2013 en höfðu verið tæpar 63 milljónir árið 2012. Munurinn skýrist af mun færri rannsóknarstyrkjum en árið á undan. Að sama skapi minnkuðu rekstrargjöld ársins úr rúmum 62 milljónum á árinu 2012 í 57,5 milljónir. Eigið fé stofnunarinnar nam rúmum 10 milljónum í árslok 2013 en var 8,6 milljónir í árslok 2012. Hagnaður af rekstri RA ses nam kr. 1,5 milljónum á árinu 2013 en var kr. 332.000 á árinu 2012. Hagur stofnunarinnar hefur því batnað sem því nemur. Greidd laun voru 21,3 milljónir

árið 2013 en voru 27,4 milljónir í árslok 2012 og er hægt að rekja minni launagreiðslur beint til færri rannsóknarverkefna. Þó svo að umfang rekstursins hafi nær tvöfaldast á milli árunna 2011 og 2012 má segja að komist hafi gott jafnvægi á rekstur RA á árinu 2013.

Allir rekstrarþættir stóðu undir sér, þ.e. rekstur húsnæðis, rekstur skrifstofu og bókhalds, ásamt þjónustuveri og gott betur en það. Aftur a móti er alveg á mörkunum að rekstur Bókasafns Dagbrúnar standi undir sér enda hafa ákveðin rekstrargjöld hækkað umtalsvert, sérstaklega leyfisgjöld til Landskerfis bókasafna.

ReykjavíkurAkademían nýtir sér eigin facebook-síðu til auglýsinga og kynningar meðfram hefðbundum auglýsingum á heimasíðu og á póstlistum og lögð er áhersla á að taka upp og birta opinberlega fyrirlestra og umræður á fundum og málþingum sem haldin voru á vegum RA.

Húsnæðismál

Langþráð kyrrð ríkti í húsnæðismálum RA. Húsaleigusamningur sem var undirritaður við Landsbankann í byrjun maí 2012 er bæði tímabundinn og óuppsegjanlegur til 30. apríl 2014 og ótímabundinn eftir það með sex mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Landsbankinn seldi húsnæðið á árinu 2013 og fékk RA því nýjan leigusala, Álftaver ehf.

Framleiðing á húsnæðinu hefur verið mjög góð og reynt hefur verið eftir föngum að gera sameiginlegu rými til góða með gagngerum þrifum og viðhaldi. Salurinn og allir gangar á fjórðu hæð voru málaðir í hólf og gólf á árinu 2013.

Eins og komið fram í fyrri ársskýrslum er húsnæði RA komið til ára sinna og þarfnast töluverðs viðhalds og endurbóta.

Styrktarsamningur mennta- og menningarmálaráðuneytisins

Skv. styrktarsamningi mennta- og menningarmálaráðuneytisins við RA sem undirritaður var árið 2011 er hlutverk ReykjavíkurAkademíunnar að vera rannsóknarstofnun og nýsköpunarmiðstöð í menningar-, hug- og félagsvísindum sem veitir sjálfstætt starfandi fræðimönnum starfsaðstöðu, er vettvangur fjölfaglegs samstarfs fræðimanna og stendur fyrir fyrirlestrum, málþingum og umræðufundum sem tengjast rannsóknarverkefnum fræðimanna og stúdenta innan RA. Sérstök áhersla var lögð á að veita háskólastúdentum í framhaldsnámi hérlendis sem erlendis aðstoð og aðstöðu eftir föngum og einnig að veita samstarfsfélögum RA ráðgjöf og upplýsingar um fjármögnunarmöguleika, styrkumsóknir, rekstur rannsóknarverkefna, samstarfsmöguleika við fræðimenn innanlands sem utan o.fl.

Samningur RA við ráðuneytið gildi út árið 2013 og á haustdögum hófust fundarhöld um nýjan samning. Framkvæmdastjóri tók saman ítarlega greinargerð um starfsemi RA á samningstímanum þar sem koma fram mjög athyglisverðar tölfræðiupplýsingar um fjölda fræðimanna, útgáfur, rannsóknastyrki ofrv. Greinargerðin er aðgengilega á vef RA.

Drög að nýjum og endurbættum samningi við ráðuneytið lá fyrir um áramótin og skrifuðu ráðherra og framkvæmdastjóri undir hann hinn 5. febrúar 2014. Meginmarkmið hins nýja samnings er að efla formlegan vettvang fyrir sjálfstæðar rannsóknir og nýsköpun með rekstri á öflugri rannsóknarstofnun og menningarmiðstöð, virkja og tengja saman þann mannafla sem stundar sjálfstæðar rannsóknir og hvetja til fjölfaglegs samstarfs milli einstaklinga, félagasamtaka, fyrirtækja, þekkingasetra, háskóla, annarra mennta-, menningar- og fræðastofnana innanlands sem utan og stuðla að fræðilegri og gagnrýnni samfélagsumræðu.

Þjónustusamningur við Reykjavíkurborg

Hinn 4. apríl 2013 var undirritaður þjónustusamningur milli Reykjavíkurborgar og RA ses. Hluti styrktarfjárins fór í að standa straum af kostnaði vegna vinnuáðstöðu og aðstoðar við erlendan rithöfund í tengslum við þátttöku Reykjavíkurborgar í svokölluðu ICORN-verkefni. Auk aðkomu RA að þessu einstaka verkefni sinntu demónar og framkvæmdastjóri RA ýmsum verkefnum, stórum sem smáum fyrir Reykjavíkurborg á grundvelli samningsins.

Reykjavíkurborg hefur verið einn af tryggustu bakhjörllum RA frá upphafi. Fyrsti opinberi styrkurinn sem RA hlaut kom frá Reykjavíkurborg og þjónustusamningar milli þessara tveggja aðila hafa verið í gildi svo til allan starfsferil Akademiunnar.

RannsóknarSmiðja RA

Forstöðukona: Sesselja G. Magnúsdóttir

Hugmyndin að baki RannsóknarSmiðju ReykjavíkurAkademíunnar er að efla og styrkja akademískar rannsóknir innan RA. ReykjavíkurAkademían hefur frá stofnun árið 1997 hýst margvíslega starfsemi sem flokkast undir fræði- og menningarstarfsemi í víðri merkingu, m.a. ritun fræðiefnis fyrir almenning, ritun fagurbókmennta, samningu kennsluefnis, þýðingar fræðiefnis og fagurbókmennta, heimildamyndagerð, ritstjórn, prófarkalestur, bókaútgáfu, sýningahönnun, umfangsmikið ráðstefnuhald, jafnvel tónsmíðar, og svo mætti lengi telja. Jafnframt hafa fræðimenn innan RA stundað kennslu á ólíkum skólastigum, ekki síst stundakennslu á háskólastigi. Fræðilegar grunnrannsóknir innan ólíkra greina félags- og hugvísinda hafa allan þennan tíma verið mikilvæg kjölfesta í starfseminni. Á því sviði hafa

starfað namar í meistara- og doktorsnámi, nýdóttarar og reyndir fræðimenn, margir með doktorspróf í sínu fagi og áralanga reynslu af rannsóknum.

Möguleikar þessa hóps til að fjármagna rannsóknir sínar hafa þrengst mjög á þeim rúma eina og hálfu áratug sem liðinn er frá stofnun RA. Þetta hefur gerst þrátt fyrir nokkra eflingu samkeppnissjóða og annarra opinberra fjármögnunarleiða er ástæðan einkum gríðarleg fjölgun langskólagenginna fræðimanna á seinni árum, langt umfram vöxt sjóðakerfisins. Þar af leiðandi hafa íslenskir háskólar tekið að sækja mun meira í þessa sömu sjóði í þessa sömu samkeppnissjóði aukist gríðarlega, einkum á allra síðustu árum. Afleiðing þessarar þróunar er meðal annars sú að langstærstur hluti þeirra sem þiggja laun til verkefna sem styrkt eru af Rannsóknasjóði eru nemendur í rannsóknartengdu framhaldsnámi, en afar fáir sjálfstætt starfandi fræðimenn.

RannsóknarSmiðja RA mun fyrst um sinn þjóna þeim fræðimönnum sem starfa sjálfstætt innan vébanda ReykjavíkurAkademíunnar ses og öðrum félögum í RA – félagi sjálfstætt starfandi fræðimanna. Auk stuðnings og handleiðslu við umsóknagerð einstaklinga og hópa og eftir þörfum fjárhagslega og rekstrarlega umsýslu með rannsóknaverkefnum sem hlotið hafa styrk, er stefnt að því að bjóða upp á námskeið og hagnýtar vinnustofur í sjálfstæðum rannsóknum, rekstri og umsýslu verkefna auk aðstoðar við markvissa miðlun á rannsóknarniðurstöðum með áherslu á ritrýndar birtingar (aflstig) og sýnileika í stafrænni miðlun.

Hinn 10. apríl 2013 gengu Davíð Ólafsson stjórnarformaður og Sólveig Ólafsdóttir framkvæmdastjóri á fund Katrínar Jakobsdóttur þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra með greinargerð um RannsóknarSmiðjuna og hvernig því fé sem ráðherra veitti til stefnumótunar og stofnunar hennar skyldi varið. Um leið óskaði ReykjavíkurAkademían formlega eftir viðræðum við mennta- og menningarmálaráðuneytið um mögulega aðkomu ráðuneytisins að einstökum þáttum verkefnisins og framtíðarþróun styrktarsamnings ráðuneytisins við RA í tengslum við RannsóknarSmiðju RA og framtíðardrauma tengdri henni.

RA-veitur

RA-veitur er yfirheiti yfir hverskonar fræðilega hittinga sem eiga sér stað innan ReykjavíkurAkademíunnar og miða að því að auðga fræðileg tengsl og samræðu innan Akademíunnar sem og við fræðaheiminn almennt. Gert er ráð fyrir að hér sé um sjálfsprottin verkefni að ræða af hálfu demóna sem sendi síðan stutta greinargerð um viðburðinn; málstofu, lesfund eða hvað það nú er sem fólki dettur í hug til RannsóknarSmiðjunnar eftir að viðburði lýkur. Árið 2013 eru tveir slíkir viðburðir skráðir hjá RannsóknarSmiðjunni annars vegar „Eftirfylgni H21“ (sem reyndar var stjórnað af forstöðukonu RaRA) og hins vegar „Textual Artifacts, Artifactual Texts“.

Eftirfylgni H-21

Í kjölfar H-21 málþings sem haldið var í september var ákveðið að kalla saman þá sem talað hafa á málþingunum frá upphafi á fund með það í huga að stofna fræðilegan leshóp sem héldi við tengslum á milli þeirra sem tekið hafa þátt og héldi fræðilegri umræðu lifandi innan hópsins. Fundur inn var boðaður 5. desember og mættu 6 einstaklingar á hann. Rætt var um hugsanlega framkvæmd slíks leshóps og hver skyldi vera helsta afurð hans. Ákveðið var að leshópsfundir yrðu haldnir einu sinni í mánuði, 21. hvers mánaðar á milli 9:00 og 11:00 í fundarherbergi RA. Fyrir hverjum fundi skyldi liggja ein grein sem einhver úr hópnum valdi sem síðan yrði rædd. Forstöðukonu RaRA var falið að halda utan um fundina og sjá um að senda út greinarnar og minna fólk á fundina sjálfa. Lögð var áhersla á að engar skuldbindingar fylgdu því að taka þátt í leshópnum þó gaman væri ef þátttaka í leshópnum myndi leiða til sameiginlegra greinarskrifa eða þá rannsókna.

Lesfundirnir sjálfir hófust síðan á nýju ári og verður sagt frá gengi þeirra í næstu ársskýrslu.

Málstofan „Textual Artifacts, Artifactual Texts“

Ábyrgðarmaður: Davíð Ólafsson – nánari grein verður gerð fyrir henni hér á eftir.

Hinn 10. október 2013 héldu ReykjavíkurAkademían og rannsóknarverkefnið *Prentsmiðja fólksins* málstofu sem nefndist Textual Artifacts, Artifactual Texts: A Rendezvous between material philology and historical archaeology. Til málstofunnar var stefnt tveimur hópum fræðimanna, annars vegar af vettvangi handritafræða síðari alda og hins vegar af sviði sögulegrar fornleifafræði (historical archaeology). Sérstakur gestur málstofunnar var Dr. Margaret J. M. Ezell, prófessor við Texas A&M háskóla í Bandaríkjunum en auk hennar tóku um 15 fræðimenn þátt.

Styrkumsóknir

Vorin eru tími styrkumsókna og fara demónar ekki varhluta af því. Þetta vorið voru í fyrsta skipti auglýstir á vegum Rannís styrkir úr nýstofnuðum Starfslaunasjóði sjálfstætt starfandi fræðimanna og nýttu þó nokkrir demónar sér þann kost. Einhverjar umsóknir voru sendar í Rannsóknarsjóði Rannís og sumir sóttu um Starfsstyrki Hagþenkis og styrki úr Tónlistarsjóði. Sesselja G. Magnúsdóttir var verkefnaráðin til að hvetja og reka fólk áfram í umsóknarvinnunni þetta vorið auk þess að lesa yfir og styðja umsækjendur á hvern þann hátt sem þurfa þótti. Hildigunnur Ólafsdóttir bauð einnig fram þekkingu sína og reynslu í styrkjamállum og las yfir nokkrar umsóknir sem var mikill styrkur. Heimtur af styrkjum voru nokkuð góðar ekki síst úr Starfslaunasjóðnum sem boðar betri tíð fyrir þá sem vilja vinna sjálfstætt að fræðunum. Þó að áhersla RannsóknarSmíðjunnar hafi verið á Rannísstyrkina þetta árið réru demónar á ýmis fleiri mið.

Í upphafi styrkjavertíðar voru starfsmenn Rannís fengnir í hús til að kynna fyrir innanhúsfólki Starfslaunasjóðinn sem og Rannsóknarsjóðina, mæting var með ágætum og kynningin áhugaverð.

Starsmaður RaRA kynnti sér einnig fleiri styrkjamöguleika upp á framtíðina meðal annars Horizon 2020 án þess að nokkuð væri gert í því þetta árið.

Bókasafn Dagsbrúnar

Bókasafn Dagsbrúnar er í eigu Eflingar stéttarfélags og er til húsa hjá ReykjavíkurAkademíunni við Hringbraut 121 í Reykjavík. Safnið er sérfræðisafn á sviði atvinnulífsrannsókna og verkalyðsmála ásamt því að vera handbókasafn fyrir ReykjavíkurAkademíuna.

Starfsmenn safnsins eru Anna Jensdóttir bókasafnsfræðingur, Guðný Kristín Bjarnadóttir bókasafns- og upplýsingafræðingur og Ian Watson félagsfræðingur.

Í árslok 2013 voru 8.859 titlar safnsins skráðir í Gegni, samskrá íslenskra bókasafna, og eru það samtals 12.455 eintök. Til samanburðar má geta að árið 2012 voru 8.595 titlar og 12.102 eintök skráð í Gegni.

Eintakafjöldi eftir efnistegund í árslok 2013

<i>Safn og efnistegund</i>	<i>Kóði teg.</i>	<i>Eintök</i>
Bók	BOOK	9.693
Handrit	MANUS	4
Innb. Tímarit	ISSBD	1.399
Kort	MAP	1
Myndband	VIDEO	3
Mynddiskur	DVD	2
Nótur	MUSIC	2
Tímaritshefti	ISSUE	1.351

Samtals: 12.455

Aðsókn að safninu hefur verið með ágætum og hefur það verið vel nýtt af félagsmönnum ReykjavíkurAkademíunnar. Nokkur vinna hefur verið lögð í að kynna safnið, m.a. með því að stofna facebook-síðu fyrir safnið og auglýsa þar til sölu tvítök úr safnkostinum sem hefur vakið mikla athygli. Eins hefur bóksölu safnsins verið haldið áfram inni á Biblio.com. Ný heimasíða var sett í loftið í apríl.

Bókasafnið hélt upp á Bókasafnsdaginn þann 9. september og bauð upp á kaffi og konfekt og 50% aflsátt á öllum sölubókum, einnig voru nokkrar bækur gefins. Eins var sett upp sýning á nokkrum af þeim bókum sem kosnar voru á lista yfir 100 bestu handbækurnar.

Hinn árlegi Dagsbrúnarfyrirlestur var haldinn 21. nóvember og að þessu sinni var það Guðný Hallgrímsdóttir sagnfræðingur sem kynnti nýútkomið rit sitt *Sagan af Guðrínu Ketilsdóttur [einsögurannsókn á ævi 18. aldar vinnukonu]*. Þess má geta að Guðný fékk Fjöruverðlaunin: Bókmenntaverðlaun kvenna í flokki fræðibóka og rita almenns eðlis.

Bókasafn Dagsbrúnar hefur ákveðið að hluti af tíma starfsfólks fari í að auka opinn aðgang að íslenskum bókum. Þetta er í samræmi við eitt af markmiðum safnsins, að bæta og auka þjónustu til almennings og auka og auðvelda aðgang að upplýsingum, með markmiðum og gildum Eflingar að auki.

Bókasafnið tekur nú þátt í átaki sem miðar að því að koma eins mörgum íslenskum bókum frá 20. öld og hægt er í opinn aðgang – sérstaklega fræðibókum sem gefnar hafa verið út án væntinga um ágóða. Bækurnar hafa verið skannaðar inn á rafrænt form og eru aðgengilegar án endurgjalds á vefsíðu Hathi Trust, sem er samstarf háskólabókasafna í Ameríku.

Starfsfólk Bókasafns Dagsbrúnar hefur haft samband við marga íslenska höfunda þar sem bækur þeirra hafa nú þegar verið skannaðar inn hjá Hathi Trust, en eru jafnvel enn í höfundarétti og þar af leiðandi ekki komnar í opinn aðgang. Starfsfólkið hefur aðstoðað höfunda við að senda inn þar til gert eyðublað þar sem höfundur gefur leyfi fyrir því að bókin sé sett í opinn aðgang. Einnig hafa starfsmenn aðstoðað höfunda við að óska eftir að bók þeirra sé skönnuð hafi hún ekki verið það, og birt í opnum aðgangi. Eins hafa höfundar haft samband að fyrra bragði.

Farið er að tengja bækur í opnum aðgangi hjá Hathi Trust sem eru frá því fyrir 1873 inn í Gegni, samskrá íslenskra bókasafna. Þetta er gert með það í huga að auðvelda aðgang notenda íslenskra bókasafna að rafrænum eintökum af þessum verkum og spara sér þar með vinnu og fyrirhöfn.

Sjá <http://bokasafndagsbrunar.is/>

Helstu rannsóknarverkefni innan ReykjavíkurAkademíunnar

„Prensmiðja fólksins“ og „Reading and Writing From Below“

Verkefnisstjóri fyrir hönd RA er dr. Davíð Ólafsson.

Á árinu 2013 var fram haldið tveimur stórum rannsóknarverkefnum sem fræðimenn innan RA tóku þátt í og var fjárhagsleg umsýsla þeirra, að hluta eða öllu leyti, í höndum skrifstofu RA.

Árið 2013 var annað af þremur starfsárum rannsóknaverkefnisins *Prentsmiðja fólksins: Handrita- og bókmenning síðari alda* sem fjármagnað er úr Rannsóknarsjóði 2012-2014. Davíð Ólafsson og Clarence Glad unnu að sínum hluta verkefnisins rannsóknaverkefnum sínum á árinu auk fjögurra annarra fræðimanna sem tengdir eru Stofnunum Árna Magnússonar á Íslandi og í Danmörku, Þjóðminjasafni Íslands og Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni. Jafnframt sinnti Davíð ásamt Matthew Driscoll hlutverki verkefnisstjóra við rannsóknaverkefnið.

Fimmtudaginn 10. október 2013 stóð *Prentsmiðja fólksins* í samstarfi við ReykjavíkurAkademíuna fyrir málstofu um snertifleti handritarannsókna síðari alda annars vegar og sögulegrar fornleifafræði hins vegar. Málstofuna, sem bar yfirskriftina *Textual Artifacts, Artifactual Texts: A Rendezvous between material philology and historical archaeology*, sóttu um 15 fræðimenn af þessum tveimur sviðum en sérstakur gestur hennar var Dr. Margaret J. M. Ezell, prófessor í enskum bókmenntum við Texas A&M háskóla í Bandaríkjunum en hún var stödd á landinu í boði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum í tilefni 350 ára afmælis Árna Magnússonar.

Davíð Ólafsson er jafnframt þátttakandi og meðstjórnandi í fjölpjódlegu samstarfsverkefni, *Reading and writing from below: Towards a new social history of literacy in the Nordic sphere during the long nineteenth century*, sem fjármagnað er af NORDCORP áætlun norrænu rannsóknarsjóðanna á sviði hug- og félagsvísinda (NOS HS) 2011-2014.

Nokkrir þátttakendur *Prentsmiðju fólksins* sóttu málstofuna *The Agents and Artifacts of Vernacular Literacy Practices in Late Pre-Modern Europe* sem haldin var í Berlín 13.–15. júní 2013 á vegum *Reading and writing from below* í samvinnu *Nordeuropa-Institut* við Humboldt háskóla.

Á árinu kom út á vegum verkefnisins greinasafnið *White Field, Black Seeds: Nordic Literacy Practices in the Long Nineteenth-Century* (Helsinki: Finnish Literature Society) í ritstjórn Önnu Kuismin og Matthews Driscoll. Meðal 14 greinahöfunda voru Akademónarnir Guðný Hallgrímsdóttir, Sigurður Gylfi Magnússon og Davíð Ólafsson.

Rannsóknarnet um menningarlega sjálfbærni og þátt menningar í sjálfbærri þróun – COST
(European Cooperation in Science and Technology)

Verkefnisstjórar fyrir hönd RA: dr. Gunnþóra Ólafsdóttir og Viðar Hreinsson

ReykjavíkurAkademían hýsir COST verkefnið fyrir Íslands hönd. Gunnþóra Ólafsdóttir og Viðar Hreinsson bókmenntafræðingur í ReykjavíkurAkademíunni voru tilnefnd af Rannís til að

sitja í alþjóðlegri framkvæmdanefnd verkefnisins. Auk þeirra er Sólveig Ólafsdóttir virkur þátttakandi í verkefninu.

Gunnþóra og Viðar ásamt Þorbjörgu Daphne Hall sóttu tvo vinnufundi á árinu. Viðar og Þorbjörg fóru á fund í Róm 10.-12. apríl og Viðar og Gunnþóra fóru til Skopje í Makedóníu. Viðar var svo fáeina daga í viðbót í Skopje og messaði um menningarlegt minnisleysi á ráðstefnu sem haldin var í framhaldi af COST fundinum en yfirskrift ráðstefnunnar var „Cultural Memory.“

Ein meginafurð verkefnisins verður ritröð bóka um menningarlega sjálfbærni og hefur sú vinna þokast bærillega áleiðis. Viðar mun rita menningarsögulega grein í bók sem hefur vinnuheitid „Culture, sustainability and the environmental realm“ og er stefnt að útgáfu árið 2015.

Á sumarmánuðum 2013 hósti ReykjavíkurAkademían Chrystöllu Antoniou, frá CYPRUS UNIVERSITY OF TECHNOLOGY, Limasol (CY) í rannsóknarheimsókn (Short Term Scientific Mission (STSM)) sinni innan COST-verkefnisins. Rannsóknarverkefni hennar nefnist *Education for Sustainability and Cultural Sustainability in Iceland and Cyprus: A Comparative Study*: Chrystalla tók níu viðtöl við lykilmál innan íslensks skólakerfis á rannsóknartímanum auk þess að vera einstaklega ljúfur gestur ReykjavíkurAkademiunar.

Nánari upplýsingar um COST verkefnið *IS 1007 Investigating Cultural Sustainability* er að finna á vefsíðu rannsóknansins <http://www.culturalsustainability.eu/>

Basics – Bibliodrama as a Way of Intercultural Learning for Adults

Verkefnisstjóri fyrir hönd RA: Björg Árnadóttir.

Grundtvig-verkefninu BASICS-bibliodrama sem aðferð í millimenningarfræðslu fullorðinna lauk í lok árs 2013 en samvinna fimm þjóða um verkefnið hafði þá staðið í rúm tvö ár. Markmið verkefnisins var að efla millimenningarlega (intercultural) umræðu meðal þjóða Evrópu með aðferðinni bibliodrama en nafn aðferðarinnar hefur verið þýtt söguspuni á íslensku. ReykjavíkurAkademían tók þátt í að þróa námsefni sem birt var í bók og á DVD-diski og á vefsíðu verkefnisins www.basicsproject.eu. Verkefninu lauk með Grundtvig-námskeiði sem haldið var í Tyrklandi og fulltrúi Akademiunnar var einn leiðbeinenda. Enginn Íslendingur hlaut styrk til að sækja námskeiðið en hins vegar fengu þrír Íslendingar Grundtvig-styrk til að sækja ráðstefnu um BASICS-verkefnið sem haldin var í Kraká í Póllandi auk þess sem tveir fulltrúar Akademiunnar tóku þátt í ráðstefnunni.

Rauði krossinn og Þjóðkirkjan voru aðal samstarfsaðilar ReykjavíkurAkademiunnar um þróun kennsluáðferðarinnar auk þess sem heimspekikennarar sýndu verkefninu mikinn áhuga. Söguspunaáðferðin var kynnt í fullorðinsfræðsludeild Menntavísindasviðs HÍ á dögnum og til

stendur að halda áfram að kynna aðferðina og dreifa kennsluefninu í því skyni að efla fjölmeningarumræðu hérlendis.

Stafrænar sögur

Verkefnisstjóri: Salvör Aradóttir.

Starfsemi verkefnisins *Stafrænar sögur í RA* lá frekar í láginni árið 2013. Aðstandendur verkefnisins lögðu áherslu á að vinna úr fenginni reynslu og velta fyrir sér hvert skuli haldið. Ein stafræn saga sem varð til á vinnustofu í RA árið 2012 var sýnd ár alþjóðlegri ráðstefnu um stafræna sagnagerð í Ankara í Tyrklandi á árinu.

Í september 2013 var sótt um styrk fyrir tvo til að taka þátt í vinnustofu um hvernig nýta megi aðferð stafrænna sagna í safnastarfi (*Digital storytelling in Museums: a tool to engage adults and to evaluate the impact*) sem haldið var í Róm dagana 24.-28. mars 2014. Salvör Aradóttir hlaut styrk til fararinnar og fór til Rómar.

Nú er beðið eftir niðurstöðum umsóknar í Erasmus+ áætlunina um ferðastyrk fyrir aðstandendur verkefnisins til að kynna sér fræðilegt samhengi stafrænna sagna.

Önnur verkefni innan ReykjavíkurAkademíunnar

Pre-Christian Religions of the North

Verkefnisstjóri fyrir hönd RA: Ingunn Ásdísardóttir þjóðfræðingur.

RA er lykilþátttakandi í alþjóðlegu samstarfsverkefni ásamt Snorrastofu í Reykholti og Háskóla Íslands um útgáfu fjölbinda yfirlitsrits um rannsóknir síðustu áratuga í norrænni goðafræði. Verkefnisstjóri fyrir hönd RA er Ingunn Ásdísardóttir þjóðfræðingur og situr Viðar Hreinsson bókmenntafræðingur einnig í aðalstjórn verkefnisins. Ingunn er auk þess fulltrúi stjórnar í einni af þremur ritnefndum verkefnisins.

Verkefnið er afar viðamikilið en komið vel á veg. Enn hefur ekkert fjármagn fengist hérlendis til verkefnisins, og upphafsaðilar verkefnisins, Snorrastofa og ReykjavíkurAkademían, standa heldur hjárænulegir andspænis rausnarlegri fjármögnun erlendis frá. Fara þar Ástralir og Svíar fremstir í flokki með þeim árangri að vinna við u.þ.b. tvo þriðju verkefnisins er langt komin og fyrirséð að útgáfa fyrstu bindanna verði að veruleika innan tveggja ára. Gerður hefur verið samningum við belgíska útgáfufyrirtækið Brepols um útgáfuna.

Þátttakendur í verkefninu eru fjölmargir af fremstu fræðimönnum heims á sviði norrænnar goðafræði.

Ráðstefnur og málþing í og í samvinnu við ReykjavíkurAkademíuna

HUGMYNDIR 21. ALDARINNAR: MÁLÞING 2012-2013

Verkefnisstjórar: Elsa Eiríksdóttir og Björg Hjartardóttir

Vorið 2012 fór af stað skipulagning á röð málþinga á vegum ReykjavíkurAkademíunnar sem fékk heitið *H-21* eða *Hugmyndir 21. aldarinnar*. Markmið málþinganna var að stuðla að þverfaglegri umræðu innan félags- og hugvísinda um strauma og stefnur í mannvísindum samtímans. Á hverju málþingi skyldi stefnt saman fjórum fræðimönnum á sviði félags- og hugvísinda og þeir fengnir til að kynna rannsóknir sínar, ræða kenningarlegar undistöður og tengingu við fræðilega strauma samtímans. Auk fræðimannanna myndi umræðustjóri skima eftir sameiginlegum þráðum og skapa umræðu um fræðin.

Haldin voru tvö málþing á árinu 2013. Hið fyrra var haldið 16. mars og bar yfirskriftina „Hér er gert við þrímusa. Atbeini og iðja í hversdagsmenningu.“ Framsögumenn voru: Davíð Ólafsson doktor í sagnfræði, Steinunn Kristjánsdóttir doktor í fornleifafræði, Gauti Sigþórsson doktor í menningarfræðum (comparative studies in discourse and society) og Tinna Grétarsdóttir doktor í mannfræði. Umræðustjóri var Kristinn Schram en Elsa Eiríksdóttir var verkefnastjóri þingsins. Um 20 gestir mættu á málþingið.

Hið seinna var síðan haldið 28. september og bar yfirskriftina „Blekking hins sjálfssprottna og fleiri munir úr safni sakleysisins“. Framsögumenn á því málþingi voru: Þorgerður Þorvaldsdóttir doktor í kynjafræðum, Margrét Elísabet Ólafsdóttir doktor í listfræði, Viðar Halldórsson doktor í félagsfræði og Njörður Sigurjónsson doktor í menningarstefnu og menningarstjórnun. Umræðustjóri var Davíð Ólafsson en Björg Hjartardóttir var verkefnastjóri þingsins. Um 20 gestir mættu á málþingið.

Samstarf ReykjavíkurAkademíunnar, Sögufélags og Sagnfræðingafélags Íslands

Mikið og náið samstarf er á milli ReykjavíkurAkademíunnar, Sögufélags og Sagnfræðingafélags Íslands sem er til húsa hjá RA og heldur bæði félags- og stjórnarfundum í húsnæði RA. Fjórir viðburðir voru haldnir undir þessari sameiginlegu regnhlíf á árinu 2013.

1. Bókafundur

Bókafundurinn var haldinn fimmtudaginn 7. febrúar kl. 20:00 í húsakynnum ReykjavíkurAkademíunnar. Fundarstjóri var Margrét Gestsdóttir. Tekin voru fyrir eftirfarandi verk: Pater Jón Sveinsson eftir Gunnar F. Guðmundsson; gagnrýnandi var Helga

Birgisdóttir, Upp með fánann! eftir Gunnar Þór Bjarnason; gagnrýnandi var Ragnheiður Kristjánsdóttir, Sagan af klaustrinu á Skriðu eftir Steinunni Kristjánsdóttur; gagnrýnandi var Hjalti Hugason og Örlagaborgin eftir Einar Má Jónsson; gagnrýnandi var Vilhelm Vilhelmsson.

2. *Vísindaferð sagnfræðinema.*

Sagnfræðinemum var boðið til fundar við fulltrúa úr stjórn Sagnfræðingafélagsins, Sögufélags og ReykjavíkurAkademíunnar hinn 15. febrúar. Töluverður hópur nema kom og þáði veitingar og upplýsingar. Heilmikil stemmning var eins og vera ber í almennilegum vísindaferðum.

3. *Málþingið „Guð blessi Ísland“ - fimm árum síðar*

Málþing var haldið í sal Íslenskrar erfðagreiningar, Sturlugötu 8, laugardaginn 5. október undir styrki fundarstjórn Ingunnar Ásdísardóttur þjóðfræðings. Eftir ávarp Sólveigar Ólafsdóttur framkvæmdastjóra ReykjavíkurAkademíunnar og stjórnarmanns í Sagnfræðingafélaginu tóku til máls Kristín Loftsdóttir mannfræðingur, Eiríkur Bergmann stjórn málafræðingur, Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur og Gylfi Zoëga hagfræðingur.

Málþingið vakti töluverða fjölmiðlaathygli og var ágætlega sótt. Erindin voru tekin upp og eru aðgengileg á heimasíðu ReykjavíkurAkademíunnar.

4. *Bókakvöld*

Fimmtudaginn 5. desember var haldið bókakvöld þar sem fór fram kynning á nýjum fræðibókum með upplestri höfunda og þær boðnar til sölu á kostnaðarverði.

Eftirfarandi bækur voru kynntar:

- Árni Daníel Júlíusson og Jónas Jónsson: *Landbúnaðarsaga Íslands*
- Guðjón Friðriksson og Jón Þ. Þór: *Kaupmannahöfn sem höfuðborg Íslands*
- Guðný Hallgrímsdóttir: *Sagan af Guðrúnu Ketilsdóttur*
- Gunnar Karlsson: *Ástarsaga Íslendinga að fornu*
- Loftur Guttormsson: *Sögukennsluskammdegið*
- Már Jónsson og Gunnar Þór Bjarnason: *Frásagnir af Íslandi*
- Ólafur Rastrick: *Háborgin*
- Sigrún Pálsdóttir: *Sigrún og Friðgeir*
- Sumarliði R. Ísleifsson: *Saga Alþýðusambands Íslands*

Róttæki sumarháskólinn

Umsjónarmaður fyrir hönd RA: Ólafur Hrafn Júlíusson. Skólastjóri: Viðar Þorsteinsson.

Helstu styrkir ReykjavíkurAkademíunnar úr innlendum rannsóknarsjóðum árið 2013

1. Verkefnisstyrkir, Rannsóknasjóður

- a. Sigríður Matthíasdóttir – ReykjavíkurAkademían. *Rannsókn á ástæðum vesturferða ógiftra kvenna 1870-1914*. 2013-2015.
- b. Matthew Driscoll – Árnastofnun í Kaupmannahöfn, ReykjavíkurAkademían, Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. *Prentsmiðja fólksins. Handrita- og bókmennning síðari alda*. 2012-2014.

2. Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna

- Árni Daníel Júlíusson. *Jarðeignir kirkjunnar og efling miðstjórnarvalds*. 2013.
- Birgir Hermannsson. *Sjálfstæð þjóð. Sjálfstæðisbaráttan og íslensk þjóðernishyggja*. 2013.
- Clarence Glad. *Klassískar menntir – Þjóðernisvæðing fornfræðanna á Íslandi*. 2013.
- Gylfi Gunnlaugsson. *Þættir úr viðtökusögu norrænna fornþókmennna*. 2013.
- Hallfríður Þórarinsdóttir. *Staða Pólverja á vinnumarkaði í Reykjavík, Ósló og Kaupmannahöfn: norrænn samanburður á félagslegum undirboðum, launakjörum og vinnuáætlunum*. 2013.
- Margrét Elísabet Ólafsdóttir. *Máttur fiðlunnar – vídeólist Steinu Vasulka*. 2013.
- Unnur Guðrún Óttarsdóttir. *Listmeðferð í námi*. 2013.
- Viðar Hreinsson. *Að kunna jörð og berg að opna og aftur að lykja. Jón Guðmundsson lærði og náttúruskyn 17. aldar manna*. 2013.

3. Starfsstyrkir Hagþenkis

- Margrét Elísabet Ólafsdóttir. *Máttur fiðlunnar: Steina og vídeólistin*. 2013.
- Gunnþóra Ólafsdóttir. *Að ferðast um náttúru Íslands*. 2013.
- Viðar Hreinsson. *Að kunna jörð og berg að opna og aftur að lykja*. 2013.

4. Annað:

- Náttúruverndarsjóður Pálma Jónssonar
Viðar Hreinsson. *Að kunna jörð og berg að opna og aftur að lykja. Jón Guðmundsson lærði og náttúruskyn 17. aldar manna*. 2012 - 2013.

Fræðimenn og fræðafélög innan ReykjavíkurAkademíunnar

Sjá heimasíðu ReykjavíkurAkademíunnar - www.akademia.is